

Nemendakönnun 2016- 2017

Brúarásskóli

Síðast uppfærð 19. apríl 2017

skolapulsinn@skolapulsinn.is

Efnisyfirlit

Um rannsóknina

Virgni nemenda í skólanum

Líðan og heilsa

Skóla- og bekkjarandi

Opin Svör

Um rannsóknina

Nemendakönnunin fer fram í ≈ 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið þar sem fjöldi úrtaka fer eftir stærð hvers skóla fyrir sig. Þannig er hægt að skoða þróun einstakra þátta yfir langan tíma. Þátttaka margra skóla víðsvegar að af landinu gefur möguleika á að birta í hverjum skóla feril landsmeðaltals. Með þessu verða gögn hvers skóla samanburðarhæf en það er grunnur þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir um viðbrögð í einstökum tilvikum.

Val spurninga byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum, kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Forprófun könnunarinnar var gerð á skólaárinu 2008-2009 og tölurnar notaðar til viðmiðunar fram til skólaársins 2014-15. Viðmiðiðin voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því mun talan fimm standa fyrir dæmigerðan nemanda skólaársins 2014-15 í ár og næstu fimm til tíu ár á eftir.

Könnunin var stytta árið 2015 þar sem nýjar greiningaraðferðir gerðu það mögulegt að fjarlægja spurningar án þess að draga úr réttmæti kvarðanna.

Könnunin inniheldur 18 matsþætti líkt og áður og voru 18 spurningar fjarlægðar úr átta þeirra:

1. Ánægja af lestri (5),
2. Ánægja af náttúrufræði (1),
3. Trú á eigin vinnubrögð í námi (2),
4. Sjálfsálit (3),
5. Stjórn á eigin lífi (1),
6. Vellíðan (4),
7. Samsömun við nemendahópinn (1),
8. Virk þátttaka nemenda í tímum (1).

Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 60% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda eru ekki tekin með í landsmeðaltalið.

Hér fyrir neðan má sjá tölulegar upplýsingar um þá nemendur sem skráðir voru til þátttöku í skólanum og fjöldann sem tók þátt. Efri taflan sýnir svarhlutfall í hverjum mánuði sem mælt er. Í þeirri neðri má sjá fjölda svara á bak við hverja spurningu. Þegar um er að ræða óáreiðanlegan svarstíl eða ósamræmi í svörum eru svör viðkomandi nemanda fjarlægð.

Ef áhugi er að koma á samstarfi við skóla sem eru með sérstaklega góða útkomu á einhverjum matsþætti er mögulegt að senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is og athugað verður hvort vilji er á slíku samstarfi.


Könnun hafin: 1.8.2016

Könnun lýkur: 1.6.2017


Fjöldi þátttakenda: 40

Fjöldi svarenda: 35

Svarhlutfall: 87,5%




Þessi mynd sýnir fjölda nemenda sem lenda í úrtaki í skólanum í hverjum mánuði samanborið við viðmiðunarhópinn.



Þessi mynd sýnir kynjahlutfall meðal þátttakenda í skólanum samanborið við hlutfallið í viðmiðunarhópnum.

Árgangamunur



Þessi mynd sýnir fjölda þátttakenda í hverjum árgangi skólans samanborið við viðmiðunarhópinn.

Nemendakönnun 2016-2017

Á þessari síðu má sjá yfirlit yfir alla matspætti rannsóknarinnar. Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 0 til 10 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Niðurstaða skólans á hverjum matspætti er borin saman við samanlagða útkomu allra skóla sem taka þátt. Útkoma allra skóla sem taka þátt (dálkurinn Landið) er vigtuð í samræmi við stærð skóla (tölur frá Hagstofu) og endurspeglar sú tala því stöðuna á landinu í heild.

Hægt er að raða matspáttunum með því að smella á viðkomandi dálkaheiti. Bláar tölur merkja að svör þátttakenda í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt frábrugðin svörum viðmiðunarhópsins og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu.

Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matspáttar fyrir sig.

Nánar má lesa um túlkun hvers matspáttar með því að smella á viðkomandi matspátt.

1. Virkni nemenda í skólanum

| Matspættir | Niðurstaða | N | Landið | N | Mismunur |
|------------------------------------|------------|----|--------|--------|----------|
| 1.1. Ánægja af lestri | 4,7 | 34 | 5,0 | 12.035 | -0,3 |
| 1.2. Þrautseigja í námi | 5,4 | 34 | 5,1 | 11.797 | 0,3 |
| 1.3. Áhugi á stærðfræði | 4,4 | 35 | 5,2 | 12.028 | -0,8* |
| 1.4. Ánægja af náttúrufræði | 5,1 | 34 | 5,0 | 12.003 | 0,1 |
| 1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi | 6,0 | 35 | 5,1 | 11.785 | 0,9* |
| 1.6. Trú á eigin námsgetu | 5,8 | 35 | 5,0 | 11.980 | 0,8* |

2. Líðan og heilsa

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Landið | N | Mismunur |
|--|------------|-------|--------|------------|----------|
| 2.1. Sjálfsálit | 5,4 | 33 | 5,1 | 11.756 | 0,3 |
| 2.2. Stjórn á eigin lífi | 5,4 | 34 | 4,9 | 11.760 | 0,5 |
| 2.3. Velliðan | 5,5 | 35 | 5,0 | 11.969 | 0,5 |
| 2.4. Áhyggjur og stress - ástæður | - | 8 | - | - | - |
| 2.5. Einelti | 4,7 | 35 | 5,2 | 11.972 | -0,5 |
| 2.6. Tíðni eineltis | 5,9% | 2/34 | 12,1% | 1424/11957 | -6,2% |
| 2.7. Staðir eineltis | - | 2 | - | - | - |
| 2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar | 52,9% | 18/34 | 41,8% | 4625/11563 | 11,1% |
| 2.9. Hollt mataræði | 4,7 | 35 | 4,9 | 11.746 | -0,2 |

3. Skóla- og bekkjarandi

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Landið | N | Mismunur |
|------------------------------------|------------|----|--------|--------|----------|
| 3.1. Samsömun við nemendahópinn | 5,8 | 35 | 5,1 | 11.730 | 0,7* |
| 3.2. Samband nemenda við kennara | 6,3 | 35 | 5,2 | 11.958 | 1,1* |
| 3.3. Agi í tímum | 5,6 | 35 | 5,1 | 11.950 | 0,5 |
| 3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum | 6,3 | 35 | 5,2 | 11.943 | 1,1* |
| 3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu | 5,9 | 34 | 4,9 | 11.085 | 1,0* |

4. Opin Svör

| Matsþættir | Niðurstaða | N | Landið | N | Mismunur |
|--|------------|----|--------|---|----------|
| 4.1. Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst sérstaklega <u>gott</u> við skólann. | - | 29 | - | - | - |
| 4.2. Vinsamlegast lýstu því hvað þér þykir <u>slæmt</u> eða megi betur fara í skólanum þínum | - | 25 | - | - | - |